

Uppgöör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2014

Fréttatilkynning frá HB Granda hf.
Reykjavík, 28. maí 2014

- Rekstrartekjur samstæðunnar voru 41,9 m€
- EBITDA var 9,7 m€ (23,1%)
- Hagnaður tímabilsins var 5,6 m€
- Handbært fé frá rekstri nam 4,2 m€
- Afkoma samstæðunnar í takt við áætlanir

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur					
í þúsundum evra	F1 2014	F4 2013	F3 2013	F2 2013	F1 2013
Seldar vörur	41.946	45.024	50.699	48.435	50.875
Kostnaðarverð seldra vara	(30.857)	(38.082)	(34.244)	(39.812)	(32.495)
Vergur hagnaður	11.089	6.942	16.455	8.623	18.380
Aðrar tekjur	527	176	0	0	0
Útflutningskostnaður	(2.889)	(2.846)	(3.315)	(2.713)	(3.352)
Annar rekstrarkostnaður	(2.354)	(1.494)	(1.391)	(1.287)	(1.282)
Bakfærð virðisrýrnun (virðisrýrnun)	0	8.703	0	0	0
Rekstrarhagnaður	6.373	11.481	11.749	4.623	13.746
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(734)	(821)	(705)	3.270	(329)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	1.115	1.173	1.098	(497)	(1.005)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	6.754	11.833	12.142	7.396	12.412
Tekjuskattur	(1.117)	(2.313)	(2.471)	(1.380)	(2.206)
Hagnaður tímabilsins	5.637	9.520	9.671	6.016	10.206
EBITDA	9.677	6.309	14.865	7.513	16.626

Rekstur fyrstu þriggja mánaða ársins 2014

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2014 námu 41,9 m€, samanborið við 50,9 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 9,7 m€ eða 23,1% af rekstrartekjum, en var 16,7 m€ eða 32,7% árið áður. Lækkun tekna og hagnaðar má rekja til þess að mun minni loðnukvóti var gefinn út þetta fiskveiðiár samanborið við í fyrra. Á nýafstaðinni loðnuvertíð var félaginu úthlutað 24 þúsund tonnum af loðnu og veiddu skip félagsins allan þann aflu, samanborið við 81 þúsund tonn árið 2013. Verðhækkun loðnuhrognna og frystrar loðnu auk hærra hlutfalls þessara afurða úr lönduðum afla draga þó úr áhrifum minni afla á afkomu félagsins. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 0,7 m€, en voru neikvæð um 0,3 m€ á sama tímabili árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 1,1 m€, en voru

Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2014

neikvæð um 1,0 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 6,8 m€ og hagnaður tímabilsins var 5,6 m€.

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 348,1 m€ í lok mars 2014. Þar af voru fastafjármunir 280,2 m€ og veltufjármunir 67,9 m€. Eigið fé nam 190,7 m€, eftir að tekið hefur verið tillit til lækkunar vegna arðgreiðslu að fjárhæð 17,6 m€. Eiginfjárhlutfall í lok mars var 54,8%, en var 60,5% í lok árs 2013. Heildarskuldir félagsins voru í marslok 157,4 m€.

Efnahagsreikningur 31.03.2014 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	31.03.2014	31.12.2013
Fastafjármunir	280.214	271.355
Veltufjármunir	67.847	64.903
Eignir samtals	348.061	336.258
Eigið fé	190.676	203.484
Langtímaskuldir	71.870	72.301
Skammtímaskuldir	85.515	60.473
Eigið fé og skuldir samtals.....	348.061	336.258

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 4,2 m€ á tímabilinu, en nam 13,2 m€ á sama tímabili á síðasta ári. Nettó fjárfesting í rekstrarfjármunum nam 11,2 m€, þar af nam fjárfesting vegna nýrra uppsjávarskipa 7,7 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 4,4 m€. Handbært fé lækkaði því um 2,6 m€ og var í lok mars 9,7 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
í þúsundum evra	2014	2013
	1.1.-31.03	1.1.-31.03.
Handbært fé frá rekstri	4.225	13.172
Fjárfestingarhreyfingar	(11.187)	(4.052)
Fjármögnunarhreyfingar	4.374	(9.229)
Lækkun á handbæru fé.....	-2.588	-109
Handbært fé í lok tímabilsins.....	9.685	8.530

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Rekstrartekjur félagsins námu sem svarar 6,5 milljörðum íslenskra króna á meðalgengi fyrsta ársfjórðungs 2014 (1 evra = 156,15 kr), EBITDA 1,5 milljörðum og hagnaður 0,9 milljörðum.

Heildareignir félagsins námu sem svarar 54,0 milljörðum íslenskra króna á gengi 31. mars 2014 (1 evra = 154,98 kr), skuldir 24,4 milljörðum og eigið fé 29,6 milljörðum.

Skipastóll og afli

Skipafloiti félagsins var óbreyttur á tímabilinu. Unnið er að smíði tveggja nýrra uppsjávarsveiðiskipa í Tyrklandi og gengur smíðin samkvæmt áætlun. Gert er ráð fyrir að fyrra skipið verði afhent í febrúar 2015 og síðara í október 2015. Jafnframt er unnið að undirbúningi við hönnun nýrra ísfisksskipa.


Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2014 var afli skipa félagsins 12 þúsund tonn af botnfiski og 26 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Hluthafar

Arion banki annaðist hlutafjárútböð á hlutum í félaginu sem lauk þann 10. apríl 2014. Vogun hf., Arion banki hf. og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. seldu 25,4% af eignarhlut sínum til 2.500 hluthafa. Í kjölfar útböðsins voru hlutabréf félagsins tekin til skráningar á NASDAQ OMX þann 25. apríl 2014. Fjöldi hluthafa þann 23. maí 2014 var 2.498.

Sveiflur í loðnuveiðum

Afkoma loðnuveiða og vinnsla hefur veruleg áhrif á rekstur HB Granda og þá sér í lagi fyrsta ársfjórðung hvers árs. Miklar sveiflur hafa verið bæði í aflamarki á loðnu og verði afurða á undanförunum árum. Mest veiddu skip félagsins 122 þúsund tonn árið 2005 en minnst 3 þúsund tonn árið 2009. Yfirleitt hafa góðar loðnuvertíðir fylgt góðum unglóðnumælingum. Unglóðnumæling haustið 2013 reyndist sú næst besta frá árinu 2001 og gefur vísbendingu um að næsta vertíð verði fengsælli en sú síðasta. Meðfylgjandi graf sýnir niðurstöður unglóðnumælinga Hafrannsóknarstofnunar undanfarin ár.



Heimild: Hafrannsóknir Nýtjastofnar sjávar 2012/2013 – aflahorfur 2013/2014 útg. Hafrannsóknarstofnun

Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2014

Kynningarfundur þann 30. maí 2014

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi verður haldinn föstudaginn 30. maí klukkan 8:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjórið og svara spurningum.

Fjárhagsdagatal fyrir 2014:

- Hálfársuppgjör 27. ágúst 2014
- Þriðji ársfjórðungur 26. nóvember 2014
- Ársuppgjör 2014, 25. febrúar 2015

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum HB Granda hf. 28. maí 2014. Árshlutauppgjör HB Granda hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards). Árshlutauppgjórið hefur ekki verið endurskoðað eða kannað af endurskoðendum félagsins.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri, sími 858-1007